LANDFARI

Reykjavík fyrir alla Reykvíkinga!

í blöðum sínum, svo og annars við öll þau tækifæri sem bjóðast, láta fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórn Reykjavíkurborgar ekki undir höfuð leggjast að básúna góðverk sín og stjórnsnilli í meðferð borgarmálefna og stjórn Rvíkurborgar, eins fyrirtækja hennar.

En mér er spurn, hvers konar stjórn er það, sem íhaldið viðhefur hér í Rvík? Jú, þeir velta á undan sér eins og yfirfullum hjólbörum kosningavíxli sínum frá ári til árs, og hann stækkar og fitnar töluvert við hverjar kosningar, vegna framkvæmdaæðis íhaldsins og sýndarmennsku á kosningaári, þegar kuklað er í öllu og verkin látin drattast hálfköruð eftir að kosningaúrslit eru kunn, þar til nauðsyn knýr þá til sömu sýndarmennsku á ný. Þetta eru árviss fyrirbrigði, sem við Reykvíkingar getum stillt klukkuna eftir, en vel án verið. Fé því, sem þarna fer forgörðum, væri betur varið til að tryggja stöðu borgarfyrirtækjanna, sem alltaf eru á heljarþröm vegna fjárskorts. Það verður að skera niður framkvæmdir, því ekkert lán fæst til að standa undir hallarekstri, á meðan snúizt er kringum broddborgarana á viðeigandi hátt, og á ég þar við lokaðar götur, göngustíga og fleira.

Annað er uppi á teningnum, þegar komið er í hverfi annars og þriðja flokks fólks, sem ekki fær einu sinni almennilega þjónustu í skóla- eða samgöngumálum, svo jafnist á við aðra íbúa borgarinnar, og má þar nefna hvað kostar að senda börn úr Breiðholti í skóla og á sundnámskeið. Þau fá frítt í SVR og leigubifreiðir aka þeim í sund. Væri ekki ódýrara að hraða uppbyggingunni, sem átti þegar að vera lokið í þessum hverfum? Þeir segja, að það vanti peninga. Já, vextirnir af víxlum eru miklir, enda má ekki styggja þurfalingana í atvinnurekenda- og verzlanaeigendastétt með of háum aðstöðugjöldum. (Víxillinn kemur mest niður á getu þjónustufyrirtækja borgarinnar til að veita nauðsynlega þjónustu.)


Víxillinn virðist vera það eina, sem íhaldið getur lagt fram í stjórn borgarinnar, því nýjar og frjóarhugmyndir hafa ekki séð dagsins ljós hjá íhaldinu í áraraðir. Þeir eiga þær ekki til, og hafa ekki heldur sýnt neina tilburði í þá átt, að hjá þeim væri að finna nokkurt ráð, sem lyti að hag allra Rvíkinga, nema ef nefna má hundahald í Rvík.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins, og svo annarra flokka, hafa lagt fram fjölda nýtra og góðra hugmynda, bæði í borgarstjórn og borgarráði, en þær stranda allar í þrjózkulegri og einstrengingslegri afstöðu fulltrúa íhaldsins, og alltof margar af þessum hugmyndum kæfa þeir í fæðingunni, þar sem þeir þola ekki öðrum að leysa vanda borgarinnar, þegar þeir hafa gefizt upp við að glíma við hann sjálfir.

Tilgangslaust virðist að reyna að koma vitinu fyrir íhaldið, en gott væri, ef tækist. Borgarfyrirtækjunum þyrfti að tryggja hagkvæman rekstrargrundvöll, og áætlanir borgarinnar í skóla- og þjónustumálum þyrftu að standast. Eins væri þægilegt, ef hverfi þau, sem nú eru í uppbyggingu, væru að komast í mannsæmandi ástand, svo að hægt væri að tala um hreina borg og fögur torg, og Reykjavík fyrir alla Reykvíkinga.

L.K.

Vicon 'sprintmaster' Rakstrarvél






Afkastamikil dragtengd rakstrarvél.
Vinnsluafköst:
Allt að 6 ha. pr. klst.
Vinnslubreidd 3 m
Mismunandi vinnslu stillingar
Nánari upplýsingar hjá sölumanni
Til afgreiðslu nú þegar

Globus HF
LÁGMÚLI 5, SÍMI 81555

Auglýsið í Tímanum



Eyjólfur J. Eyfells.

Maður sólarlagsins

Kóngurinn keypti mynd

Um þessar mundir stendur að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum Eyjólfs J. (ónssonar), Eyfells, en hann skortir minna en ár í nírætt, því hann er fæddur 6. júní árið 1886. Alls eru sýnd þarna 125 verk eftir listamanninn og eru þau öll fengin að láni hjá núverandi eigendum og er ekkert þeirra til sölu.

Elzta myndin er frá árinu 1908, en sú yngsta er frá því í fyrra.

Að því er segir í sýningarskrá stundaði Eyjólfur J. Eyfells nám í teikniskóla Stefáns Eiríkssonar, oddhaga og síðan suður í Dresden og nú hefur hann stundað listmálun að atvinnu í sex áratugi.

Engar breytingar

Viðfangsefni Eyjólfs eru svipuð þessa nær sjö áratugi, sem sýningin spannar, og list hans tekur furðu litlum breytingum á þessum langa tíma. Hann er „heppinn með veður" í list sinni, eins og Jóhannes Kjarval orðaði það um annan kollega sinn á svo eftirminnilegan hátt, en það sem fyrst og fremst vekur athygli er kunnáttan og hið faglega yfirbragð myndanna. Nákvæmnin er ótrúleg.

Sólarlagið, kvöldsólin, tunglskinið fellur á landið á jökulkápu og efstu tinda. Fjöll standa í vatni. Þetta eru eftirlætis myndefnin og eru dálítið væmin í augum nútímanna, (myndefnin), en við því er ekkert að gera, því þegar tillit er tekið til aldurs málarans, þá voru slík viðfangsefni í tízku og hafa svo fylgt honum alla leið.

Skemmtilegar þóttu mér myndirnar af Gullfossi frá árinu 1916. Þar er Eimskip enn undir danska fánanum og ef maður gengur nær má lesa signalflöggin hvað þá annað. Líka má telja gluggana í húsunum í Engey. Einnig segja verk frá skólaárunum okkur mikið um tæknilegu hlið málsins, sem er frábær.

Sýning „hinna óháðu"

Eyjólfur J. Eyfells byrjar snemma að sýna myndir sínar almenningi. Hann sýnir á mótmælasýningu árið 1930, en þá höfðu stjórnvöld dregið í dilka til þess að halda opinbera myndlistarsýningu í Reykjavík. Margir voru settir út í kuldann, þar á meðal Eyjólfur, Jón Engilberts, Snorri Arinbjarnar, Gunnlaugur Scheving og Ásgeir Bjarnþórsson. Þeir nefndu sig „óháða listamenn". Svo fór að konungur kom og skoðaði sýningu hinna óháðu og konungur keypti eina mynd á sýningunni og var hún eftir Eyjólf J. Eyfells.

Eyjólfur mun hafa haldið sína fyrstu myndlistarsýningu árið 1924, eða fyrir hálfri öld. Síðan hafa sýningar hans verið margar og fjölsóttar. Myndir hans prýða nú hundruð íslenzkra heimila, því afköstin hafa verið allgóð.

Samt hefur hann ekki verið metinn sem skyldi, er mér nær að halda. Hann líður fyrir að taka ekki þátt í þeirri formbyltingu, sem hann er þó vitni að. Auðvitað er það einkamál hvers og eins hvaða leið hann velur sér í hvaða fylkingu hann kýs að skipa sér. Eyjólfur hefur kosið að mála með sama hætti alla tíð, eftir línum sem lagðar voru austur í Gaulverjabæ sumarið 1908 og því fór sem fór. Hann gleymdist með rímum og öðrum hroða fyrri alda, því hinn aldýri kveðskapur vor hefur farizt í aðfalli nýrra hátta.

Lætur ný tíðindi lönd og leið

Ef á allt er litið, má Eyjólfur J. Eyfells þó um margt þakka fyrir að ekki fór ver. Myndir hans standa vissulega fyrir sínu, sem slíkar. Þær virka ef til vill heldur barnalega á þá sem drukkið hafa í sig litadýrð expressionismans, og formbyltingu þessarar aldar.

Eyjólfur er fimm árum yngri en Picasso (f. 1881) og má það makalaust teljast að láta öll tíðindi þessa samtíðarmanns, sem vind um eyrun þjóta.

Þegar list Eyjólfs J. Eyfells er skoðuð á einum stað í 125 myndum, verður okkur það ljóst að hann hefur persónulegan stíl og óskeikult handbragð. Ég veit ekki hvervaldi þessar myndir, en manni er þó nær að halda að úrtak þetta sýni þverskurð af lífsverki hans og þá hluti er hann taldi besta, þeirra er hann lét frá sér fara. Drungaleg þögn um nafn hins aldna heiðursmanns er svo rofin á sumardegi og virðist vel til fundið.

Ég skoðaði þessa sýningu mjög vel, ef til vill betur en margar aðrar og tel hana í hópi þeirra merkustu er haldnar hafa verið í ár fram til þessa. Ýmsir listvinir voru þarna líka og í sumar skapi.

Jónas Guðmundsson.

FÓLK Í LISTUM